


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>ÍSL 103 - fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 3		

<b>Kennari</b>	Snorri Björnsson	<b>Sk.st.</b>	SNO
----------------	------------------	---------------	-----

**Áfangalýsing:** Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur treysti kunnáttu sína á öllum sviðum lestrar og ritunar. Megináhersla er lögð á lestur bókmenntatexta bæði í bundnu og óbundnu máli. Í tengslum við lesefnið vinna nemendur með ýmis hugtök bókmennta- og bragfræði og skoða mun á talmáli og ritmáli. Rifjuð verða upp helstu hugtök og reglur í málfræði og stafsetningu. Nemendur fá auk þess þjálfun í fjölbreyttri ritun, tjáningu og notkun hjálpargagna.

Í þessum áfanga verða skil á verkefnum í hverri viku inn á Moodle í viðeigandi skilabox sem verður opið í eina viku í senn. Ekki er hægt að skila verkefnum eftir að skilabox lokast og fær þá nemandi ekki einkunn fyrir þau verkefni.

**Markmið: Að nemandi...**

- lesi og greini bókmenntaverk og ýmsa aðra texta.
- geti beitt hugtökum bókmenntafræði í umfjöllun um bókmenntir.
- geti beitt hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál.
- þjálfist í að skrifa ýmis konar ritsmíðar.
- geti skrifað skipulega unnar ritsmíðar.
- geti gengið frá texta á viðunandi hátt í tölvu.


**Námsgögn:**

*Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason.

*Íslenska eitt*, eftir Ragnhildi Richter, Sigríði Stefánsdóttur og Steingrím Þórðarson

(útg. 2006 og síðar).

Viðbótarefni frá kennara.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>ÍSL 103 - fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 2 af 3		

## Áætlun um yfirferð:

### 1. lota 29.1 - 18.2. (3 vikur) Ritun

*Íslenska eitt* – bls. 52 – 79, 110 – 116 og 125-128.

Farið í byggingu texta og ýmis ritunarverkefni unnin til þjálfunar. Munur á talmáli og ritmáli og verkefnavinna í tengslum við túlkun á styttri bókmenntatextum.

Nemendur hefja lestur á skáldsögunni *Dauðarósir* eftir Arnald Indriðason.

Í lok fyrstu lotu hafa nemendur skilað nokkrum ritunarverkefnum og úrlausnum nokkurra verkefna í kennslubókinni og fá þá einkunn fyrir þá vinnu sem nemur 10%

### 2. lota. 19.2. – 4.3. (2 vikur) Stafsetning og málfræði

*Íslenska eitt* – bls. 129-158.

Rifjuð upp helstu atriði í málfræði og stafsetningu, verkefni sem gildir til einkunnar (10%).

### 3.lota 5.3 –25.3. (3 vikur) Bókmenntahugtök - kjörbók

*Íslenska eitt* - bls. 9 – 29, 52-54 og 86-93.

Farið í helstu hugtök bókmenntagreiningar og notkun þeirra æfð á textum. Nemendur skrifa bókmenntaskýrslu um skáldsöguna *Dauðarósir* og taka krossapróf úr sögunni.

Fyrir þessa lotu er hægt að fá 10%, 7% fyrir bókmenntaskýrslu og 3% fyrir krossapróf.

### 4. lota 26.3.-8.4. (2 vikur) Rökfærsla


*Íslenska eitt*, bls. 216-221.

Nemendur vinna rökfærsluritgerð sem gildir 10%.

### 5.lota 9.4 – 29.4. (2 vikur + páskafrí) Myndmál og stílbrögð texta

*Íslenska eitt* - bls. 30 – 38, 101-108, 120 – 121 og 39-43 auk viðbótarefnis frá kennara.

Farið í myndmál og stílbrögð bókmenntatexta. Verkefni unnin, bæði úr kennslubók og úr itarefni frá kennara.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	<b>ÍSL 103 - fjarnám Kennsluáætlun vorönn 2014</b>	
Samþykkt:SHJ		
Síða 3 af 3		

**Námsmat og vægi námsþátta:**

Verkefni úr fyrstu lotu	10%
Stafsetning og málfræði	10%
Krossapróf og verkefni úr <i>Dauðarósum</i>	10%
Rökfærsluritgerð	10%
Lokapróf	50%
Verkefnaskil yfir önnina á Moodle	10%

Nemendum ber að skila verkefnum og standast lokaprófið (4,5) sem vegur 50% af heildareinkunn til að einkunn fyrir skil á önninni (50%) verði metin til heildareinkunnar. Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

**Dagsetning:**

\_\_\_\_\_  
Undirritun kennara

\_\_\_\_\_  
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils